

Nd.

433. Álit

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum um gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter frá 16. nóv. 1907, svo og 1. gr. laga frá 31. júlí 1907 um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905, og skipan millipinganevndar. (Þingskjal 153.)

Tollmálanefndin, sem háttvirt Nd. fal mál þetta til íhugunar, hefir nú rætt það og athugað, og hefir meiri hlutinn komist að þeirri niðurstöðu, að það sé eigi æskilegt að frumvarp þetta verði að lögum.

Þegar lögin um gjald af innlendri vindlagjörð lágu fyrir þinginu 1907, var málið rækilega íhugað, og verður nefndin að vera á þeirri skoðun, að hlunnindi þau, sem veitt eru vindlagjörðarmönnum með þeim lögum, hefðu átt að vera næg til þess, að þeir hefðu haldið vindlagjörð sinni áfram.

Nefnd sú, sem skipuð var í tollmálinu í Nd. alþingis 1907 segir í álitinu sínu meðal annars þetta:

»Vindlagjörðarmaður hér í bænum hefir tjáð nefndinni, að úr hverjum 100 pd. af óunnu tóbaki fái til uppjafnaðar 75 pd. af vindlum; úrgangurinn 25 af hundraði, er annarsvegar rusl og sandur, hinsvegar leggir úr tóbaksblöðunum (um 20%). Nú er aðflutningsgjaldið samkvæmt tolllögum fyrir Ísland 8. nóv. 1901 50 aurar af pundi af óunnu tóbaki, en 2 kr. af vindlapundi. Ef gjaldið af innlendri vindlagjörð er sett helmingur af aðflutningsgjaldi og endurgoldinn tollurinn af leggjunum, ef út eru fluttir, þá verður hlutfallið þannig:

Óunnið tóbak 100 pd. aðflutningsgjald	50 kr.
Vindlar unnir úr því 75 pd.: $\frac{1}{2}$ aðflutningsgjald	75 —
Samtals	125 kr.
Leggir 20 pd. endurgoldið aðflutningsgjald	10 —
Eftir	115 kr.

Um leggina er það að segja að fyrir þá fæst meira verð í Danmörku en nemi innflutningsgjaldi af þeim þar í landi.

Útkoman er því sú, með þessum hætti, að af innlendum vindlum yrðu goldnar um 115 kr. af hverjum 75 pd en 150 kr. af jöfnum þunga útlendra vindla. (Sjá þingskjal 162 — 1907).

Nú hafa vindlaverksmiðjurnar, þrátt fyrir þessi miklu hlunnindi sem þeim voru veitt í nefndum tolllögum, lagt niður vindlagjörð sína, og þrátt fyrir það þó eigendurnir þá ættu öll áhöld til vindlagjörðarinnar.

Það er því ljóst, að ef landssjóður ætti að missa enn meira af tolli af vindlum frá útlöndum, en hér er gert ráð fyrir, til þess að verksmiðjurnar gætu svarað kostnaði, þá yrði það mjög tilfinnanlegt tap fyrir landssjóð, og atvinnuaukning sú, sem slík vindlagjörð veitir, gæti alls ekki vegið upp á móti þeim halla.

Meiri hluti nefndarinnar verður því að leggja til að frumvarp þetta verði felt.

Neðri deild alþingis, 5. apríl 1909.

Ólafur Briem, Björn Kristjánsson, Jóh. Jóhannesson. Einar Jónsson.
formaður. skrifari.

Jón Ólafsson.

Jón Sigurðsson.

Eg hefi ekki getað orðið háttvirtum meiri hluta nefndarinnar samdóma, og mun færa ástæður fyrir því, er málið kemur til umræðu í deildinni.

Magnús Blöndahl.